

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1982

30. júlí 1982.

749

Nr. 440.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og við Reykjafjarðarál.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst 1982 til og með 10. september 1982, eru allar veiðar með flotvörpu og botnvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka og við Reykjafjarðarál á svæði, sem markast af línu, sem dregin er úr punkti 66°40'0 N 22°24'5 V um eftirgreinda punkta:

1. 66°59'0 N 22°45'5 V
2. 67°04'6 N 20°51'7 V
3. 66°55'4 N 20°46'5 V
4. 66°30'8 N 21°17'8 V
5. 66°19'6 N 21°11'5 V.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.